

# Áveitan

9. tbl. 7. árgangur. September 2013

## Flóamótið

Eins og mörgum er kunnugt var Flóamótinu sem vera átti 30. ágúst frestað um viku vegna veðurs. Mótið verður því næsta föstudag, 6. september og hefst að lokinni kennslu í Flóaskóla um kl. 14.

Keppt verður í eftirfarandi greinum:

1.-4. bekkur: 60 m hlaup, langstökk, 400 m hlaup.

5.-7. bekkur: 60 m hlaup, langstökk, kúluvarp, 400 m hlaup.

8.-10. bekkur: 100 m hlaup, langstökk, kúluvarp, 800 m hlaup.

Eftir mótið verður boðið upp á pylsur og drykki fyrir keppendur og aðra viðstadda og allir keppendur fá viðurkenningu. Foreldrar eru hvattir til að fylgja börnum sínum á mótið, sérstaklega er þess óskað að foreldrar í 1.-4. bekk fylgi sínum börnum eftir. Við vonum að veðrið leiki við okkur að þessu sinni og að sem flestir sjái sér fært að mæta í fjörið.

Ungmennafélögin í Flóahreppi

## Frjálsíþróttæfingar í Þingborg

Frjálsíþróttæfingar fyrir krakka í 5. bekk og eldri hefjast þriðjudaginn 10. september og verða haldnar alla þriðjudaga í Þingborg í vetur.

Æfingarnar hefjast kl 18:30 og þeim líkur kl 20:00. Þjálfari verður Örvar Rafn Hlíðdal, íþróttakennari. Þessar æfingar eru í boði ungmennafélaganna og þar af leiðandi kostar ekkert fyrir krakka að koma á æfingarnar. Við hvetjum alla hressa krakka á þessum aldri til þess að mæta og æfa saman, enda lofum við miklu fjöri. Foreldrar eru jafnframt hvattir til þess að sameina í bíla.

Ungmennafélögin



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

### Verkefnastjóri klasasamstarfs í Flóahreppi

Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir hefur tekið að sér verkefnastjórn fyrir hönd óstofnaðs klasasamstarfs í Flóahreppi.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga veittu styrk til að fjármagna ráðningu verkefnastjóra sem mun vinna að því að koma á formlegu klasasamstarfi meðal ferðapjónustuaðila og annarra í Flóahreppi. Markmið verkefnisins er að gera sveitarfélagið sýnilegra með því að efla tengsl á milli fólks og fyrirtækja, efla ferðapjónustu í sveitarfélaginu, efla ímynd svæðisins auk þess að efla vitund um menningu og sögu Flóahrepps.

Iðunn er ferðamálafræðingur frá Háskóla Íslands og búsett í Forsæti í Flóahreppi. Hún mun vera með aðstöðu á skrifstofu Flóahrepps. Fyrir þá sem hafa spurningar eða áhugaverðar hugmyndir þá er öllum velkomið að kíkja í kaffi eða hafa samband í síma 480-4370 eða á idunnyrasgeirsdottir@gmail.com

### Rotþrær

Rotþrær við nokkur heimili í sveitarfélaginu hafa fyllst í sumar þó þær hafi verið losaðar voríð 2012. Margar ástæður geta verið fyrir því og til upplýsinga er bent á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://ust.is/einstaklingar/haf-og-vatn/rotthraer-og-siturlagnir/> þar sem lesa má ýmsan fróðleik um rotþrær og niðurstætingu þeirra.

### Gjald fyrir skólavistun og skólamáltíðir

Gjaldskrá fyrir skólamáltíðir og skólavistun í Flóaskóla er uppfærð tvisar á ári, 1. ágúst og 1. febrúar. Gjald fyrir skólamáltíðir í Flóaskóla er 307 kr. pr/dag frá 1. ágúst 2013 og gjald fyrir skólavistun er 511 kr. pr/dag frá sama tíma.

Innifalið í gjaldi fyrir skólamáltíðir er morgunhressing og máltíð í hádeginu fyrir nemendur. Innifalið í gjaldi skólavistunar er gæsla og síðdegishressing.

### Umhverfisverðlaun

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 7. ágúst s.l. var samþykkt tillaga atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps um úthlutun umhverfisverðlauna fyrir árið 2013. Nefndin gerði tillögu um fimm staði í sveitarfélaginu sem þykja skara fram úr vegna snyrtileika.

Sveitarstjórn samþykkti að úthluta öllum þessum stöðum umhverfisverðlaun þetta árið en þeir eru eftirfarandi:

Villingaholtskirkja fyrir fallega ásýnd og góða umhirðu.

Vatnsholt 2 fyrir mikla uppbyggingu og framfarir á stuttum tíma.

Seljatunga sem snyrtilegt býli í fullum rekstri.

Gaulverjarbæjarskóli fyrir fallega endurgerð á húsi og snyrtilegt umhverfi.

Árgerði fyrir snyrtilegan frágang á íbúðarhúsi og umhverfi.

Eigendum og ábúendum er óskað til hamingju með verðlaunin.

### **Samningur við Tónsmiðju Suðurlands**

Sveitarstjórn hefur samþykkt að gera samning við Tónsmiðju Suðurlands um kennslu fyrir allt að 3 nemendum, 18 ára og yngri, með lögheimili í Flóahreppi.

Mikill áhugi er á tónlistarnámi í sveitarfélaginu og er samningur við Tónsmiðjuna góð viðbót við starf Tónlistarskóla Árnesinga til að mæta eftirspurn eftir tónlistarnámi.

### **Sláttutraktorar**

Tveir sláttutraktorar sem þarfnast viðhalds eru til sölu hjá sveitarfélaginu. Áhugasamir geta haft samband við Rúnar í síma 898-2554.

### **Frá Sauðfjarræktarfélagi Hraungerðishrepps**

Lamba- og hrútaðómar verða dagana 2. og 3. október. Eru sem flestir hvattir til að láta skoða hjá sér væntanleg ásetningslömb og veturgamla hrúta. Panta verður fyrir **23. september** og tilgreina fjölda lamba sem á að skoða, og fjölda veturgamalla hrúta.

Við pöntunum tekur Geir á Stóru-Reykjum í síma 690-8939

### **Haustrferð Kvenfélags Hraungerðishrepps**

Kæru félagar!

Nú styttest í haustferðina okkar góðu. Við höfum fest okkur bústað í landi Búrfells í Grímsnesi helgina 4.-6.okt. Fyrirkomulag verður svipað og áður þ.e við verslum inn fyrir hópinn. Kvöldhressing föstudag, morgunverð á laugardag og sunnudag og svo aðalkvöldmáltíðin á laugardagskvöldinu og eitthvað til að nasla í þess á milli. Við sjáum um mjólk, djús, kaffi og te, þið sjáið sjálfar um gos og aðra sérdrykki. Kostnaður deilist út eftirá. Vegna innkaupa þurfum við að vita þátttöku í síðasta lagið 2. október.

Tilkynnið þátttöku til okkar í skemmtinefndinni og fáid frekari upplýsingar.

Bestu kveðjur með von um að sjá ykkur allar.

Skemmtinefnd Kvenfélags Hraungerðishrepps.

Betzy 482-1057 / larmot@internet.is

Sigurbára 869-4472 / sigurbara@floaskoli.is

Þórhildur 862-8083 / thorhildurrun@gmail.com

## *Frá Flóaskóla*

Flóaskóli var settur í Þjórsárveri 22. ágúst síðastliðinn. Undirbúningur fyrir starfið hafði þá staðið í nokkra daga þar sem starfsfólk hlustaði meðal annars á fyrirlestur um Uppeldi til ábyrgðar og SMT uppeldisstefnu. Auk þess fóru allir starfsmenn og bílstjórar á skyndihjálparnámskeið. Sumarið var notað til að sinna viðhaldi á fasteignum með því að þak og gluggar skólans voru málaðir auk þess sem eldhúsið í Þjórsárveri var endurnýjað.

Á skólasetningunni kynntu Sandra, Ragnar og Viðar sem eru í stjórn foreldrafélagsins foreldrasáttmála frá samtökunum Heimili og skóli. Þar er mikilvægi foreldrahlutverksins áréttað. Í 11 liðum samþykka foreldrar t.d. að virða reglur um notkun og áhorf á bannað sjónvarps- og tölvuleikjaefni auk þess sem foreldrara skrifa undir að þeir taki þátt og styðji við skóla- og æskulýðsstarf barna sinna og taki ábyrgð á samskiptum þeirra á þeim vettvangi. Flestir foreldrar skrifuðu síðan undir sáttmálann sem hékk upp á vegg í umsjónarstofum.

Skólastarfið hófst með vel mönnum skóla þar sem allir kennarar voru með réttindi auk þess sem nýir starfsmenn tóku til starfa með þá fagþekkingu sem leitað var að.

Til að mynda hóf Steinunn Lilja Heiðarsdóttir matreiðslumeistari störf við skólann en það í fyrsta sinn sem fulllærður kokkur starfar við í mötuneyti nemenda. Þá tók Eydis Katla Guðmundsdóttir við námsráðgjafastarfinu. Eydis Katla er þrautreynd í skólakerfinu sem kennari og skólastjórnandi og hún hefur einnig lokið mastersprófi í náms- og starfsráðgjöf.

Í vetur verða nemendur 91 talsins í 8. bekkjardeildum. Árgangakennt verður í öllum bekkjum nema 3.-4. og 8.-9. bekk þar sem samkenntla verður. Nokkuð var um að nýir nemendur væru að hefja nám í Flóaskóla í haust á öllum stigum, þ.e. yngstastigi, miðstigi og unglingsstigi auk 8 barna sem hófu nám í 1. bekk og við bjóðum nýju nemendurna sérstaklega velkomna í skólann okkar.

Skólastarfið hefur því farið vel af stað og að flestu leyti með hefðbundnum hætti. Þó má nefna að Kolbrún Berglind Grétarsdóttir tónmenntakennari og kennari við tónlistarskóla Árnesinga ætlar að prófa að setja á stofn yngribarnakór í Flóaskóla. Einnig eru uppi hugmyndir um að skólinn verði með nokkrar hænur á skólalóðinni til yndisauka og til að gera heimilisfræðina sjálfbæra þegar kemur að eggjanotkun. Þar fyrir utan er alltaf eitthvað spennandi að gerast á hverjum degi á þessum 114 manna vinnustað og við hlökkum því mikið til vetrarins. Lesendur Áveitunnar eru alltaf velkomnir að líta við í kaffi og taka þátt í fjörunu með okkur.

Bestu kveðjur af holtinu góða,  
Guðmundur Freyr Sveinsson, skólastjóri Flóaskóla.

## Úrslit úr hjólaralli Umf. Vöku

Hjólarallið fór fram fimmtudagskvöldið 15. ágúst og var vel sótt en 13 keppendur mættu til leiks og töluvert af áhorfendum. Keppendur spreyttu sig á þremur keppnisbrautum og úrslitin urðu eftirfarandi. Við minnum á að myndir frá keppninni má sjá á facebook.com undir Umf. Vaka.

### Leiknibrautin:

#### Krakkaflokkur:

1. Kristján Ingi Þórðarson	99 stig
2. Unnsteinn Reynisson	97 stig
3.-5. Sigurjón Reynisson	96 stig
3.-5. Viðar Hrafn Victorsson	96 stig
3.-5. Sæþór Atlason	96 stig
6.-9. Victor Örn Victorsson	95 stig
6.-9. Kolbrún Katla Jónsdóttir	95 stig
6.-9. Ýmir Atlason	95 stig
6.-9. Hjalti Geir Jónsson	95 stig
10. Guðmundur Jón Þórðarson	94 stig

#### Fullorðinsflokkur:

1. Fanney Ólafsdóttir	98 stig
-----------------------	---------

### Tímabrautin:

#### Krakkaflokkur:

1. Ýmir Atlason	36,6 sek
2. Unnsteinn Reynisson	40,6 sek
3. Kristján Ingi Þórðarson	41,4 sek
4. Victor Örn Victorsson	46,4 sek
5. Sigurjón Reynisson	58,2 sek
6. Sæþór Atlason	53,1 sek

7. Guðmundur Jón Þórðarson	1:01mín
8. Viðar Hrafn Victorsson	1:11mín
9. Hjalti Geir Jónsson	1:29mín

#### Fullorðinsflokkur:

1. Jón Þór Pálsson	27,7 sek
2. Jóann Páll Smáráson	45,7 sek
3. Fanney Ólafsdóttir	59,2 sek

### Drullubrautin:

#### Krakkaflokkur

1. Unnsteinn Reynisson	36,0 sek
2. Ýmir Atlason	40,5 sek
3. Sæþór Atlason	57,5 sek
4. Kristján Ingi Þórðarson	1:00mín
5. Victor Örn Victorsson	1:08mín
6. Guðmundur Jón Þórðarson	1:23mín
7. Viðar Hrafn Victorsson	1:30mín
8. Sigurjón Reynisson	1:49mín
9. Hjalti Geir Jónsson	2:03mín

#### Fullorðinsflokkur

1. Jón Þór Pálsson	34,4 sek
2. Jóann Páll Smáráson	37,4 sek
3. Fanney Ólafsdóttir	58,4 sek

---

## Meistaramót Íslands 2013 - 27. júlí.2013. Haraldur Einarsson

Þrístökk:	2.sæti	13,79 m
100m hlaup:	8.sæti	11,24 sek
400m hlaup:	5.sæti	51,72 sek
200m hlaup:	4.sæti	23,01 sek

## Messa í Gaulverjabæjarkirkju

Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 8. september kl. 14:00.  
Prestur verður Séra Sveinn Valgeirsson.

## Úrslit af Samhygðar- og Vökumóti

75. Íþróttamót Samhygðar og Vöku fór fram á íþróttavellinum við Þjórsárver sunnudaginn 25. ágúst sl í ágætu veðri. Þátttaka var mjög góð og var mótið hið skemmtilegasta. Að keppni lokinni var bauð mótshaldarinn Umf. Vaka upp á hressingu og veitt voru verðlaun. Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

### 100m hlaup karla

1. Haraldur Einarsson	Vaka	11,7 sek
2. Vilhjálmur Pálmason	Samhygð	11,8 sek
3. Arnar Einarsson	Vaka	12,1 sek
4. Örvar Rafn Hlíðdal	Vaka	13,2 sek
5. Sveinn Orri Einarsson	Vaka	13,9 sek
6. Sigurður Ástgeirsson	Vaka	13,9 sek
7. Stefán Geirsson	Samhygð	14,4 sek
8. Dagur Fannar Einarsson	Vaka	15,4 sek
9. Unnsteinn Reynisson	Vaka	17,1 sek

### 100m hlaup kvenna

1. Halldóra Markúsdóttir	Samhygð	14,9 sek
2. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	15,1 sek
3. Hulda Kristjánsdóttir	Vaka	15,3 sek
4. Fanney Ólafsdóttir	Vaka	15,8 sek
5. Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	18,2 sek
6. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vaka	18,2 sek

### Langstökk karla

1. Vilhjálmur Pálmason	Samhygð	6,02 m
2. Haraldur Einarsson	Vaka	5,92 m
3. Arnar Einarsson	Vaka	5,32 m
4. Rúnar Hjálmarsson	Vaka	5,31 m
5. Guðbergur Kristjánsson	Vaka	5,26 m
6. Sigurður Ástgeirsson	Vaka	5,14 m
7. Stefán Geirsson	Samhygð	4,38 m
8. Dagur Fannar Einarsson	Vaka	3,58 m
9. Unnsteinn Reynisson	Vaka	3,19 m

### Hástökk kvenna

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	1,35 m
2. Halldóra Markúsdóttir	Samhygð	1,30 m
3. Hulda Kristjánsdóttir	Vaka	1,20 m
4. Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	1,10 m
5. Guðrún Inga Helgadóttir	Vaka	1,10 m
6. Fanney Ólafsdóttir	Vaka	1,00 m

## Kúluvarp kvenna

1. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	Vaka	9,10 m
2. Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	8,64 m
3. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	8,06 m
4. Hulda Kristjánsdóttir	Vaka	7,98 m
5. Sandra Dís Sigurðardóttir	Vaka	7,13 m
6. Halldóra Markúsdóttir	Samhygð	6,82 m
7. Fanney Ólafsdóttir	Vaka	6,76 m
8. Anný Ingimarsdóttir	Samhygð	6,74 m
9. Guðrún Inga Helgadóttir	Vaka	6,39 m
10. Anna Halldóta Ragnarsdóttir	Vaka	6,23 m
11. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vaka	5,38 m
12. Valgerður Gestsdóttir	Vaka	5,35 m

## Kúluvarp karla

1. Stefán Geirsson	Samhygð	12,05 m
2. Haraldur Einarsson	Vaka	10,24 m
3. Rúnar Hjálmarsson	Vaka	10,04 m
4. Bjarni Már Ólafsson	Vaka	9,73 m
5. Einar Helgi Haraldsson	Vaka	9,55 m
6. Sigurður Ástgeirsson	Vaka	9,55 m
7. Vilhjálmur Pálmason	Samhygð	9,43 m
8. Guðbergur Kristjánsson	Vaka	9,42 m
9. Örvar Rafn Hlíðdal	Vaka	9,19 m
10. Sigmar Örn Aðalsteinsson	Vaka	9,12 m
11. Sveinn Orri Einarsson	Vaka	8,69 m
12. Jón M Ívarsson	Samhygð	6,69 m

## Kringlukast karla

1. Stefán Geirsson	Samhygð	33,78 m
2. Rúnar Hjálmarsson	Vaka	30,86 m
3. Haraldur Einarsson	Vaka	29,43 m
4. Bjarni Már Ólafsson	Vaka	26,50 m
5. Einar Helgi Haraldsson	Vaka	26,31 m
6. Sigmar Örn Aðalsteinsson	Vaka	23,33 m
7. Sveinn Orri Einarsson	Vaka	20,20 m
8. Bjarki Reynisson	Vaka	17,40 m
9. Sigurður Ástgeirsson	Vaka	17,31 m
10. Jón M Ívarsson	Samhygð	15,04 m
11. Markús Ívarsson	Samhygð	13,60 m

## 800m hlaup kvenna

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	3:23,6 mín
2. Hulda Kristjánsdóttir	Vaka	3:24,7 mín
3. Halldóra Markúsdóttir	Samhygð	3:29,9 mín
4. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vaka	4:10,4 mín
5. Fanney Ólafsdóttir	Vaka	4:16,7 mín

## Hástökk karla

1. Bjarni Már Ólafsson	Vaka	1,65 m
2. Rúnar Hjálmarsson	Vaka	1,60 m
3. Vilhjálmur Pálmason	Samhygð	1,60 m
4. Guðbergur Kristjánsson	Vaka	1,60 m
5. Haraldur Einarsson	Vaka	1,55 m
6. Arnar Einarsson	Vaka	1,55 m
7. Sigurður Ástgeirsson	Vaka	1,40 m
8. Stefán Geirsson	Samhygð	1,40 m

## Spjótkast kvenna

1. Guðrún Inga Helgadóttir	Vaka	22,65 m
2. Hulda Kristjánsdóttir	Vaka	21,94 m
3. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	20,87 m
4. Ingibjörg Markúsdótti	Samhygð	19,09 m
5. Fanney Ólafsdóttir	Vaka	18,17 m
6. Halldóra Markúsdóttir	Samhygð	16,77 m
7. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	Vaka	14,66 m
8. Anna Halldóra Ragnarsdóttir	Vaka	11,17 m
9. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vaka	7,10 m

## Bestu afrek karla

Vilhjálmur Pálmason	Samhygð	Langst.	6,02m	715 stig
Haraldur Einarsson	Vaka	Langst.	5,92m	694 stig
Vilhjálmur Pálmason	Samhygð	100m	11,7 sek	669 stig

## Bestu afrek kvenna

1. Halldór Markúsdóttir	Samhygð	100m	14,9 sek	605 stig
2. Hulda Kristjánsdóttir	Samhygð	Langst	4,32 m	581 stig
3. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	100m	15,1 sek	580 stig

## Stigahæstu karlar

1. Haraldur Einarsson	27 stig
2. Vilhjálmur Pálmason	21 stig
3. Rúnar Hjálmarsson	17 stig

## Stigahæstu konur

1. Ingunn H. Bjarkadóttir	29 stig
2. Hulda Kristjánsdóttir	27 stig
3. Halldóra Markúsdóttir	20 stig

## Heildarstigakeppni

	Vaka	Samhygð
Konur	91 stig	34 stig
Karlar	93 stig	33 stig
Samtals	184 stig	67 stig

## Keppendur til stiga

Vaka	17 keppendur
Samhygð	4 keppendur



## Sælir ferðaðþjónustuaðilar og aðrir hagsmunaaðilar í Flóahreppi!

Undirrituð, Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri óstofnaðs klasasamsstarfs á sviði ferðaðþjónustu í Flóahreppi, býð ykkur til vinnufundar í Þingborg þriðjudaginn 10. sept kl. 9:00.

Markmið klasasamsstarfsins er að gera Flóahrepp sýnilegri út á við og efla samstarf á milli ferðaðþjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila. Til þess að verkefniss hópurinn sé samhuga og samstíga um aðgerðir þá er nauðsynlegt að allir þátttakendur setji sér sameiginleg markmið. Fundurinn hefur því þann tilgang að skapa sameiginlega sýn allra þátttakenda á verkefnið, tilgang þess og markmið.

Viðfangsefni fundarins verða eftirfarandi:

Að fara yfir grunnatriði sem snýr að klasasamstarfi þ.e.  
kynna hugtakið klasi og tilgang hans  
hvers vegna klasasamstarf  
hvað er að gerast annars staðar á Íslandi

Verkefnaræs þ.e.

að móta sameiginleg markmið  
stefnumótun og framtíðarsýn  
gera verk- og tímaáætlun fyrir verkefnið  
fara yfir kostnaðaráætlun og stofnsamning

kjósa í stjórn klasasamsstarfsins.

Allir ferðaðþjónustuaðilar í Flóahreppi auk annarra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eru velkomnir á fundinn.

Á fundinum verða einnig:

Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri

Aðalsteinn Sveinsson, oddviti

Davíð Samúelsson frá Markaðsstofu Suðurlands

Ingunn Jónsdóttir frá Háskólafélagi Suðurlands

Vinsamlegast látið undirritaða vita með hvort þið getið mætt á fundinn.

Fyrir hönd óstofnaðs klasasamsstarfs  
Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir verkefnastjóri

### Fréttir frá Matarsmiðjunni á Flúðum

Mikið er búið að vera að gera í matarsmiðjunni undanfarið og nokkrar nýjar vörur eru að líta dagsins ljós. Þeirra helstar má nefna vítamín og „þynnku drykkinn“ B.OKAY sem nú er til sölu í flestum 10/11 verslunum og er væntanlegur á fleiri staði, sem og heilsudrykkinn Íslandus sem meðal annars er unninn úr mysu og mun verða seldur í heilsuvöruverslunum og sem „matar minjagripur“ í ferðamanna verslunum. Á döfni eru einnig nokkur spennandi verkefni sem þó er ekki tímabært að greina frá en við minnum á að allir sem luma á spennandi hugmyndum eru velkomnir að hafa samband við okkur og við skoðum hvernig best er að útfæra þær. Minnum einnig á FB síðuna okkar: [www.facebook.com/Matarsmidjan](http://www.facebook.com/Matarsmidjan)

Hlökkum til að sjá ykkur,  
Ingunn í matarsmiðjunni.

## ***Kvennasport!***

Kvennasportið heldur áfram í vetur. Ég ætla að byrja í Þjórsárverri á mánudags- og miðvikudagskvöldum kl. **20:30-21:30** - *ATHUGIÐ breytta tímasetningu.*

Fyrsti tíminn verður 9. september.

Ég vil biðja þær sem hafa hugsað sér að mæta um að láta mig vita á [hulda@floaskoli.is](mailto:hulda@floaskoli.is) eða í síma 866-3245 þannig að ég hafi smá yfirlit yfir þátttöku. Sú skráning er alls ekki bindandi ☺

Í tímunum er farið í þol, styrktar, jafnvægis og teygjuæfingar og getur hver og ein stjórnað sinni ákefð.

Hlakka til að sjá sem flestar í vetur - nýjar konur velkomnar í hópinn!

Hulda Kristjánsdóttir íþróttافرæðingur

[hulda@floaskoli.is](mailto:hulda@floaskoli.is) / 866-3245

## **Gefins kojur**

Ef einhver hefur not fyrir kojur sem eru 153x63 cm af stærð, þá fást þær gefins hjá mér. Einnig er hægt að nota þær sem tvö stök rúm

Kristín á Hurðarbaki s. 486-3317

## **Kornbændur athugið**

Flóakorn ehf. býður upp á kornslátt og völsun eins og undanfarin ár. Nú hefur félagið fest kaup á nýrri og öflugri þreskivél af gerðinni Sampo. Bændur eru hvattir til að pantanlega og vera vel undirbúnir fyrir komu þreskivélarinnar svo hin auknu afköst nýtist sem best.

Sigmar í Jaðarkoti tekur við pöntunum í síma 696-8653 og á netfangið [sigmarorn@hotmail.com](mailto:sigmarorn@hotmail.com)

## **Óskum eftir!**

Í Flóaskóla er opin skólavistun fjóra daga vikunnar. Skólavistun er fyrir nemendur í 1.-4. bekk og hefst eftir að kennslu lýkur á daginn og er opin til 16:30. Í skólavistun fer fram skipulagt starf ásamt því að nemendur fá að njóta sín í frjálsum leik. Ef sveitungar okkar luma á gömlu skemmtilegu dóti, púslum, spilum, teiknimyndum eða öðru væri það vel þegið og myndi nýtast vel.

Bestu kveðjur,

Hulda Kristjánsdóttir, deildarstjóri í Flóaskóla

([hulda@floaskoli.is](mailto:hulda@floaskoli.is) - 860-2906)

## Pistillinn

Um leið og ég þakka henni Sigurbáru minni fyrir að senda mér kyndilinn yfir þjóðveginn vona ég að ljósið lifi áfram eftir þennan lestur.

Ingunn Jónsdóttir heiti ég og kem úr Kópavoginum, gift 3. ja karlleggs hafnfirðingnum Magnúsi Stephensen Magnússyni og saman höfum við búið til 3 erfingja, Jónatan Mikael, Benjamín Magnús og Sigríði Svanhvíti.

Ég hafði örlítið kynnst Flóanum eftir að við Maggi fórum að draga okkur saman árið 1994 þar sem tengdforeldrar mínir áttu lítið afdrep í landi Halakots, nefnt „SouthFork“. Þar hefur löngum verið vinsælt að húa saman hressu fólki í enn hressari útilegur. Aldrei hefði þó hvarflað að þessari malbiks túttu að hún ætti eftir að festa rætur fyrir austan fjall. En enginn veit sína ævi fyrr en öll er, og dag einn fáum við þær fréttir að tengdforeldrar mínir séu að spá í að kaupa gamlan bæ þarna á svæðinu. Við hentumst af stað með frumburðinn í aftursætinu að skoða „hallandi höllina Hallanda“. Ekki get ég sagt að ég hafi fallið í stafi (eiginlega þvert á móti) en hvað um það, það voru ekki við sem ætluðum að búa þarna!

Það varð úr að þau keyptu hálfan Hallanda og stuttu seinna keyptu þau hinn helminginn. Við fórum að venja komur okkar þangað um helgar og sáum að sveitalífið átti hreint ekki svo illa við okkur. „Frelsið er yndislegt“ segir í frægum texta og það fundum við svo sannarlega í sveitinni. Smátt og smátt fórum við að sjá fyrir okkur að hugsanlega gæti þetta verið líf sem myndi henta okkur. Þegar þarna var komið sögu hafði börnum fjölgað um helming mamman farin að sjá allar hættur borgarlífsins blasa við sér...hver kennir þessu fólki eiginlega að keyra bíla?

Það var svo árið 2008, rétt áður en Guð var beðinn um að blessa Ísland, að við tókum okkar hafurtask og brunuðum í sveitina. Í upphafi til reynslu, en nú þegar við hefjum okkar 6. vetur hér og enn búin að bæta við barnahópinn, viljum við hvergi annarstaðar vera. Hér var og er yndislegt samfélag sem tók okkur opnum örmum. Meira er ekki hægt að biðja um.

Að þessu sögðu langar mig að henda kyndlinum aftur yfir þjóðveginn og í fangið á skrifstofufélaga mínum honum Kela í Glóru.

Ingunn Jónsdóttir, Hallanda.

### **Haustballið**

Haustball Samhygðar verður haldið laugardagskvöldið 5. október í Félagslundi. Nánar auglýst þegar nær dregur.

Nefndin og Umf. Samhygð

**Gulur, ungur fressköttur með hvíta bringu er í óskilum á Lambastöðum. Greinilega heimilisvanur. Upplýsingar í síma 777 0705.**

## Eldriborgaraferð í Flóahreppi

Ferð eldri borgara í Flóahreppi verður farin mánudaginn 9. september. Farið verður um Bláskógabyggð með rútu frá Guðmundi Tyrfingssyni.

Lagt af stað frá: Félagslundi kl. 12:00  
Þjósárveri kl. 12:15  
Þingborg kl. 12:30

Þátttaka tilkynnist til Eydísar Kolsholti í síma 486-3324  
Margrétar Gerðum í síma 486-3393  
Margrétar Kristinsdóttir í síma 482-1086

Skráning í ferðina er til laugardagsins 7. september. Vonumst eftir góðri þátttöku.  
Nefndin

### Dagskrá mánaðarins

Flóamótið	6. september
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	8. september
Ferð eldri borgara	9. september
Kvennasportið hefst	9. september
Æfing í Þingborg	10. september
Vinnufundur í óstofnuðu klasasamstarfi	10. september
Skeiðaréttir	14. september
Glímuæfing í Félagslundi	16. september
Æfing í Þingborg	17. september
Glímuæfing í Félagslundi	23. september
Æfing í Þingborg	24. september
Glímuæfing í Félagslundi	30. september
Hautball Samhygðar	5. október
Hautferð Kvenfélag Hraung.hr	4.-6. október

### Glíma

Glímuæfingar hefjast mánudaginn 16. september. Æfingarnar eru ætlaðar fyrir öll börn á grunnskólaaldri. Æfingatími verður frá 16:30 til 17:30. Þjálfari er Stefán Geirsson en honum til aðstoðar verður Guðrún Inga Helgadóttir. Vonandi sjáum við sem flesta.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160